

Heimilisofbeldi

Ofbeldi sem beitt er í
nánnum samböndum og
innan hóps sem er tengdur


Ofbeldi getur verið líkamlegt,
andlegt, fjárhagslegt,
kynferðislegt og stafrænt

Ofbeldi eykst við erfiðar
aðstæður eins og Covid19 og
atvinnuleysi



Efnið tekið saman af Lilju H Hannesdóttur, Auðnu Ágústsdóttur, hjúkrunarfræðingum menntadeild Landspítala og Ástþóru Kristinsdóttur, sérfræðiljósmóður og hjúkrunarfræðingi, þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Heimilisofbeldi Skilgreiningar

- Sérstaða heimilisofbeldis felst í að gerandi og þolandi tengjast nánnum böndum
 - Það gerir þolanda erfiðara um vik að slíta tengslum við ofbeldismanninn
 - Þolandi og gerandi þurfa ekki að búa saman til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi
 - Heimilisofbeldi þarf ekki að vera bundið við heimili geranda eða þolanda
- 

Líkamlegt ofbeldi

Þegar afli er beitt gegn öðrum hvort sem það leiðir til líkamlegs skaða eða ekki

Þegar líkamlegar þarfir eru vanræktar eða þvingunum er beitt

Fylgir oft í kjölfar annars ofbeldis svo sem andlegs ofbeldis



Andlegt ofbeldi

Getur verið með orðum eða hegðun

Skilur ekki eftir sig sjáanlega áverka og er því dulið

Einkennist oft af niðurlægingu og er yfirleitt leið geranda til að ná völdum

Dæmi um andlegt ofbeldi:

- Að öskra, hóta, ógna eða lítillækka þolanda
- Að valda þrúgandi andrúmslofti
- Að uppnefna og segja þolanda ruglaðan eða geðveikan
- Að einangra þolanda frá vinum og fjölskyldu
- Að láta þolanda líða eins og hann sé fastur, honum sé ekki treystandi og það sé fylgst með ferðum hans





Kynferðislegt ofbeldi

Þegar einhver káfar á eða þvingar annan til að gera eitthvað kynferðislegt gegn vilja hans

Orð og látbragð sem særir blygðunarkennd

Dæmi um kynferðislegt ofbeldi:

Að nota afl, vald, samvisku eða neyð þolenda til að taka þátt í kynlífathöfnum

Getur verið bæði andlegt og líkamlegt áreiti

Fjárhagslegt ofbeldi

Þegar gerandi svíkur peninga af þolanda, heldur frá honum peningum eða neitar að láta hann fá peningana sína

Dæmi um fjárhagslegt ofbeldi:

- Skráir skuldir á þolanda en eignir á sig
- Bannar þolanda að vinna eða mennta sig til að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði
- Heldur upplýsingum um stöðu fjármála frá þolanda
- Tekur lán í nafni þolanda án leyfis

Afleiðingar geta verið þær að þolandi einangrast, missir sjálfstæði sitt og finnst hann eigi erfitt með að yfirgefa aðstæðurnar sökum peningaleysis



Stafrænt ofbeldi

Þegar einhver notar tæki eða tækni til að fylgjast með þolanda, ógnar, áreitir eða niðurlægir hann

Dæmi um stafrænt ofbeldi:

- Skráir sig inná samfélagsmiðla á nafni þolanda
- Stýrir því hver má vera vinur þolanda t.d. á facebook
- Skoðar síma þolanda reglulega, skoðar myndir, skilaboð og símtalasögu
- Hótar að birta opinberlega nektar/kynlífsmyndir og/eða myndbönd af þolanda, eða senda til ættingja, vina eða vinnufélaga

Afleiðingar geta verið margvíslegar; ótti, reiði, kvíði, þunglyndi, ógn og vanmáttur til að stjórna eigin lífi





Staðan í dag


- Tilkynningar til lögreglu hafa aukist um 14 % borið saman við meðaltal síðustu 3ja ára
- Tilkynningar til barnaverndar hafa aukist um 15% fyrstu sex mánuði 2020 samanborið við 2019
- Til Landspítala leita 120-150 einstaklingar á ári vegna heimilisofbeldis. Það er sennilega aðeins toppurinn af ísjakanum
- Ef gerandi hefur einu sinni beitt ofbeldi er nær öruggt að það gerist aftur og mun stigmagnast

Heimilisofbeldi hefur aukist samfara Covid-19 um 30% í heiminum.

Hópar í aukinni hættu eru

Hver sem er getur
orðið fyrir ofbeldi

Konur	Börn	Barnshafandi konur	Fólk með börn
Fólk með aðra menningu og tungumál	Fólk með líkamlega og geðræna kvilla	Fatlaðir og þroskaskertir	Efnahags- og félagslega bágstaddir
Eldra fólk	Hinsegin fólk	Fólk með áfengis- og vímuefnavanda	Ungt fólk

Sigríður Björk 

Við erum öll í sama liði
Stöndum saman gegn ofbeldi

112 aðstoðar í neyð

Hringdu í neyð í 112 eða smelltu á Netspjall
112 til að hefja samtalið neyðarvörð.

 Netspjall

Þekkir þú **merkin** um ofbeldi
í nánnum samböndum?

Kynntu þér málló →